

	Bls.
XV. kafli. Um kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslu og líkflutninga. 140.—148. gr.	118
XVI. kafli. Um almenn samgöngutæki. 149.—158. gr.	119
XVII. kafli. Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld. 159.—163. gr. ..	120
XVIII. kafli. Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyzluvara.	
A. Almenn ákvæði. 164.—177. gr.	121
B. Um mjólk og mjólkurvörur. 178.—179. gr.	124
C. Um rjómaís og mjólkurís. 180. gr.	124
D. Um brauð og kökur. 181.—188. gr.	125
E. Um kjötvörur. 189. gr.	125
F. Um meðferð og sölu á fiski. 190.—194. gr.	126
G. Um meðferð og sölu annarra neyzluvara. 195.—196. gr.	127
XIX. kafli. Um reyk, mengaðar gufur, eitradar lofttegundir og jónandi geislun. 197.—199. gr.	127
XX. kafli. Um hávaða og titring. 200.—205. gr.	127
XXI. kafli. Um ýmis eiturefni. 206.—207. gr.	128
XXII. kafli. Um aðstoð heilbrigðisnefnda við sóttvarnir. 208.—209. gr. ..	129
XXIII. kafli. Lokaákvæði. 210.—213. gr.	129

AUGLÝSING

um að Fleyteyjarhreppur í Suður-Þingeyjarsýslu skuli sameinaður Hálshreppi í sömu sýslu.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps og meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu um, að Flateyjarhreppur verði sameinaður Hálshreppi, vill ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 70 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 58 29. marz 1961, tilkynna eftirfarandi:

1. Flateyjarhrepp skal sameina Hálshreppi í eitt sveitarfélag, er nefnist Hálshreppur.
2. Hálshreppur hinn nýi skal taka yfir allt land Flateyjarhrepps og Hálshrepps hinna fornu og skulu mörk Hálshrepps hins nýja vera hin sömu og þau voru gagnvart Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Öngulsstaðahreppi, Ljósavatnshreppi og Bárðdælahreppi.
3. Íbúar Flateyjarhrepps og Hálshrepps skulu vera þegnar hins nýja Hálshrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Flateyjarhreppi og Hálshreppi, skulu tilheyra hinum nýja Hálshreppi.
5. Þangað til settar hafa verið nýjar reglugerðir og samþykktir fyrir hið nýja sveitarfélag, skulu reglugerðir þær og samþykktir, sem nú eru í gildi í báðum sveitarfélögunum gilda, eftir því sem við á.
6. Gildistaka sameiningarinnar er ákveðin 1. marz 1972.
7. Sveitarstjórn sú er var kjörin í Hálshreppi í kosningum 28. júní 1971 skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Hálshrepps og er kjörtími hennar til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.